



LÁNAMÁL RÍKISINS

Sýnishorn

**SAMNINGUR Í TENGLUM VIÐ ÚTGÁFU
RÍKISVERÐBRÉFA OG
VIÐSKIPTAVAKT Á EFTIRMARKAÐI**

Samningur í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði

Seðlabanki Íslands, kt. 560269-4129 fyrir hönd ríkissjóðs, hér eftir nefndur Seðlabankinn, og [●] hf., kt. [●], hér eftir nefndur aðalmiðlari, gera með sér eftirfarandi samning í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði.

Í samningi þessum merkja ríkisbréf innlendar skuldabréfaútgáfur ríkissjóðs, en ríkisverðbréf merkja í senn innlendar skuldabréfa- og víxlaútgáfur ríkissjóðs.

1. gr.

Umfang og markmið aðalmiðlarasamnings

Markmið samningsins er að viðhalda aðgengi ríkissjóðs að lánsfé og að efla verðmyndun á eftirmarkaði með ríkisverðbréf.

Seðlabankinn skal birta opinberlega lista yfir aðalmiðlara ríkisverðbréfa. Þeir sem undirritað hafa samninginn mega kalla sig aðalmiðlara íslenskra ríkisverðbréfa.

2. gr.

Útboð ríkisverðbréfa og aðgangur aðalmiðlara að þeim

Útboð ríkisverðbréfa verða haldin með reglubundnum hætti og tilkynnt í viðurkenndu upplýsingakerfi a.m.k. einum viðskiptadegi fyrir útboð.

Aðalmiðlari skuldbindur sig til að leggja fram tilboð að lágmarki 100 m.kr. að nafnverði í hverju útboði ríkisverðbréfa. Tilboð skulu vera í samræmi við útboðsskilmála og taka mið af markaðsverði þegar útgefina flokka ríkisverðbréfa og annarra fjármálaafurða sem talist geta svipaðar á hverjum tíma.

Einungis aðalmiðlarar hafa heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum með ríkisvísla og markflokka ríkisbréfa sem falla undir 4. gr.

Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir getur Seðlabankinn boðið hverjum aðalmiðlara til viðbótar allt að 10% af nafnverði þess sem hann keypti í útboðinu á meðalverði samþykktra tilboða. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Dæmi: Aðalmiðlari kaupir 1 ma.kr. í útboði og á því kauprétt á 100 m.kr. til viðbótar á meðalverði samþykktra tilboða í útboðinu.

Ef aðalmiðlari einhverra hluta vegna sendir ekki inn tilboð í einstöku útboði og tilkynnir ekki um ástæður þess áður en útboðsfrestur rennur út hefur Seðlabankinn heimild til þess að lækka þóknun til hans sbr. 7. gr. um eina milljón króna í hvert sinn sem slíkt gerist.

3. gr.

Viðskiptavakt á eftirmarkaði

Viðskiptakerfi vegna viðskiptavaktar skv. samningi þessum er viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf., kt. 681298-2829 (e. Nasdaq Iceland hf.), eða annað viðskiptakerfi sem ákveðið er að höfðu samráði við aðalmiðlara.

Aðalmiðlarar eru ekki skuldbundnir til að hafa viðskiptavakt á ríkisvísilum.

Aðalmiðlari skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í viðskiptakerfið fyrir opnun markaðar í þá flokka ríkisbréfa sem falla undir 4. gr. Tilboð skulu ávallt vera að lágmarki 100 m.kr. að nafnverði í hverjum flokki, að undanskyldum RIKS 21 0414 þar sem lágmarkið er 50 m.kr. að nafnverði, RIKS 30 0701 þar sem lágmarkið er 70 m.kr. að nafnverði og RIKB 31 0124 þar sem lágmarkið er 80 m.kr. að nafnverði. Jafnframt er aðalmiðlara skylt að endurnýja tilboð sín í viðskiptakerfinu innan 10 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið að hluta eða að fullu.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða aðalmiðlara ákvarðast af verði gildra tilboða. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða er ákveðinn eftir lánstíma til gjalddaga á viðskiptadegi og má mest vera:

<i>Lánstími</i>	<i>Hámarksmunur</i>
6 mánuðir til 2 ár	0,15%
2 til 4 ár	0,25%
4 til 6 ár	0,30%
6 til 9 ár	0,50%
9 til 12 ár	0,60%
12 til 18 ár	0,90%
18 ár eða lengra	1,00%

Eftirtalin ríkisbréf falla ekki undir kröfur um hámarksmun kaup- og sölutilboða:

<i>Lánstími</i>	<i>Hámarksmunur</i>
Ríkisbréf til sex mánaða og skemur.	Ekki skilgreindur hámarksmunur. Kautilboð skal lagt fram

Eigi aðalmiðlari viðskipti á einum viðskiptadegi fyrir 600 m.kr. að nafnverði í tilteknum flokki (viðskipti tilgreind “AUTO”) er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða sem getið er um í framangreindri töflu í þeim flokki þann dag. Forsenda fyrir því að aðalmiðlari megi víkja frá ofangreindum hámarksmun er að 300 m.kr. viðskipti í viðkomandi flokki eigi sér stað með þeim hætti að gengið hafi verið að framlögðum tilboðum viðkomandi aðalmiðlara.

4. gr.

Markflokkar

Markflokkar sem samningur þessi nær til varðandi viðskiptavakt á eftirmarkaði eru: RIKB 21 0805, RIKB 22 1026, RIKB 25 0612, RIKB 28 1115, RIKB 31 0124, RIKS 21 0414, RIKS 26 0216, RIKS 30 0701 og aðrir markflokkar ríkisbréfa sem gefnir verða út eða ef flokki ríkisbréfa verður breytt í markflokk á samningstímanum.

5. gr.

Takmarkanir á kaupum útgefanda á markflokkum

Seðlabankanum f.h. ríkissjóðs er ekki heimilt að ganga á tilboð sem viðskiptavakar leggja fram í viðskiptakerfi með markflokka ríkisverðbréfa sem eiga meira en sex mánuði til gjalddaga.

6. gr.

Samskipti og upplýsingagjöf

Aðalmiðlari skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Seðlabankann vegna ákvæða í samningi þessum. Aðalmiðlarar bera ábyrgð á þeim aðilum sem koma fram fyrir hönd aðalmiðlara í samskiptum við Seðlabankann. Seðlabankinn heldur fundi með aðalmiðlurum eftir því sem hann telur þörf á. Óski Seðlabankinn eftir því, skulu aðalmiðlarar veita Seðlabankanum upplýsingar um hverjir eru kaupendur í útboðum ríkisverðbréfa skipt eftir tegundum fjárfesta.

Aðalmiðlari heimilar Seðlabankanum aðgang að upplýsingum um tilboð og viðskipti sín í viðskiptakerfum hvað varðar alla flokka ríkisverðbréfa. Aðalmiðlari heimilar einnig birtingu upplýsinga sem varða markaðshlutdeild hans á frummarkaði.

Aðalmiðlari skal stefna að því að greina markað með ríkisverðbréf og upplýsa Seðlabankann um aðstæður á markaði með ríkisverðbréf, sem og eftir því sem við á að mæla með ráðstöfunum sem ýta undir dýpt markaðarins.

7. gr.

Greiðsla og útreikningur þóknunar

Þóknunin skiptist í eftirfarandi hluta:

- (i) Seðlabankinn greiðir aðalmiðlurum 0,10% þóknun af markaðsverði samþykkttra tilboða í útboðum ríkisbréfa með lengri tíma til gjalddaga en 3 ár. Seðlabankinn greiðir 0,04% þóknun af markaðsverði samþykkttra tilboða í útboðum ríkisbréfa með gjalddaga eftir 3 ár eða skemur. Á uppgjörsgreiðingum útboðs dregur Seðlabankinn þóknunina frá greiðslu aðalmiðlara vegna kaupa á ríkisbréfum. Engin þóknun verður greidd vegna útboða ríkisvixla.
- (ii) Seðlabankinn greiðir aðalmiðlara 15. október 2020 og 15. apríl 2021 þóknun sem reiknuð er af markaðshlutdeild hans í viðskiptum allra aðalmiðlara í viðskiptakerfinu (viðskipti tilgreind „AUTO“) með þá flokka sem tilgreindir eru í 4. gr. síðustu sex almanaksmánuði á undan. Við útreikning á þóknun verður einungis tekið tillit til viðskipta aðalmiðlara þar sem gengið er að tilboðum hans. Ekki verður tekið tillit til viðskipta annarra miðlara hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki. Til ráðstöfunar fyrir alla aðalmiðlarana eru samtals 90 m.kr. þann 15. október 2020 og 90 m.kr. þann 15. apríl 2021.

8. gr.

Skuldfærsluheimild af viðskiptareikningum

Aðalmiðlari lýsir því yfir að hann heimilar Seðlabankanum að skuldfæra reikninga sína nr. [●] (aðalreikningur) og nr. [●] (tryggingareikningur) hjá bankanum vegna útboða, endurhverfra viðskipta, verðbréfalána eða öðrum viðskiptum við Seðlabankann og hvers konar uppgjöri viðskipta vegna framangreinds, þ.m.t. öllum kostnaði, í tengslum við viðskipti aðalmiðlara við Seðlabankann. Aðalmiðlari skuldbindur sig til að hafa nægilega ráðstöfunarfjárhæð inni á viðkomandi reikningi.

9. gr.

Alvarleg markaðstruflun

Ef alvarleg markaðstruflun á sér stað getur Seðlabankinn að fengnu samþykki meirihluta aðalmiðlara breytt eða fellt úr gildi tímabundið einstök ákvæði þessa samnings.

10. gr.

Sérstök fyrirgreiðsla til aðalmiðlara

Aðalmiðlarar hafa aðgang að sérstakri fyrirgreiðslu sem Seðlabankinn veitir aðalmiðlurum, t.d. í formi endurhverfra viðskipta eða verðbréfalána. Seðlabankinn setur sérstakar reglur um fyrirgreiðslu sem veitt er til aðalmiðlara og aðilar samnings þessa skulu fylgja.

Önnur ákvæði

11. gr.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að gera samhljóða samninga við nýja aðalmiðlara á samningstímanum og myndi slíkur samningur gilda frá undirskrift og ekki vera afturvirkur hvað varðar hlutdeild í þóknunum.

12. gr.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til þess að taka upp samninginn á samningstímanum til þess að breyta fyrirkomulagi í tengslum við viðskiptavakt á svokölluðum „on-the-run“ og „off-the-run“ flokkum.

13. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. apríl 2020 og gildir til 31. mars 2021. Hvor samningsaðili um sig getur sagt upp samningnum með 2ja mánaða fyrirvara. Telji annar samningsaðilinn að alvarleg brot hafi verið gerð á samningnum getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir hafa verið við aðra aðalmiðlara, dagsettir sama dag og samningur þessi.

Samningur þessi er þýddur yfir á ensku en íslenski textinn gildir.

Reykjavík, 13. mars 2020

SEÐLABANKI ÍSLANDS
F.h. ríkissjóðs

 HF.